

Leikskóla ráðgjafi

Félags- og Skólaþjónusta Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu, auglýsir eftir leikskólaráðgjafa í hópinn.

Eftirtalin sveitarfélög reka Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu: Ásahreppur, Rangárþing Ytra, Rangárþing Eystra, Mýrdalshreppur og Skaftárhreppur. Íbúar á svæðinu eru u.þ.b. 6000 og þjónustar stofnunin fimm leikskóla og fimm grunnskóla. Næsti yfirmaður leikskólaráðgjafa er teymisstjóri skólaþjónustu.

MENNTUNAR- OG HÆFNISKRÖFUR

Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf kennara. Framhaldsmenntun á sviði uppeldis- og menntunarfræða og/eða stjórnunar eða önnur menntun sem nýtist í starfi. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, sjálfstæðis, sveigjanleika, ásamt skapandi og lausnamiðara vinnubragða. Góð íslenskukunnátta í ræðu og riti er skilyrði, einnig er æskilegt að viðkomandi hafi þekkingu á gagnasöfnun og úrvinnslu þroska- og hegðunarmælitækja. Þekking á stjórnun leikskóla kæmi að notum.

STARFSSVIÐ LEIKSKÓLARÁÐGJAFJA:

- Er leikskólastjórum og öðrum starfsmönnum leikskóla til ráðgjafar um fagleg málefni, skipulag leikskóla, ásamt uppeldis- og menntastarfi í leikskólum.
- Fylgist með uppeldis- og menntastarfi, aðbúnaði í leikskólum og leiðbeinir í samráði við yfirmann.
- Veitir ráðgjöf vegna foreldrasamstarfs í leikskólum.
- Er ráðgefandi varðandi starfsmannamál og aðstoðar við lausn á málum ef á þarf að halda.
- Er ráðgefandi í sérverkefnum, þróunarverkefnum og nýbreytnistarfi, miðlar þekkingu og nýjungum á sviði leikskólafræða.
- Veitir fræðslu og stuðlar að samstarfi og upplýsingamiðlun til leikskóla og á milli leikskóla.
- Hefur umsjón með fagbókasafni, hugmyndabanka og öflun gagna varðandi ýmis leikskólamál.
- Hefur samstarf við þá aðila er þurfa þykir varðandi leikskólana.
- Vinnur önnur verkefni er varða leikskólamál sem yfirmaður felur honum.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga. Umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrá berist til Svövu Davíðsdóttur framkvæmdarstjóra Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu á netfangið svava@felagsmal.is.

NÁNARI UPPLÝSINGAR

Halldóra Guðlaug teymisstjóri skólaþjónustu

☎ 487 8125

✉ halldora@skolamal.is

UMSÓKNARFRESTUR

Til og með 22. desember 2025